

## Svar

forsætisráðherra við fyrirspurn Gísla S. Einarssonar um þjóðlendumál.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hver er heildarkostnaður ríkisins af þjóðlendumálum?*
2. *Hver er heildarkostnaður sveitarfélaga?*
3. *Hver er kostnaður hvers einstaks sveitarfélags sem í hlut á?*

1. Heildarkostnaðurinn sem bókfærður er hjá forsætisráðuneyti og fjármálaráðuneyti vegna þjóðlendumála frá árinu 1998 og til nóvember 2002 nemur 151.868.210 kr. og skiptist með eftirfarandi hætti milli ára:

<u>Ár</u>	<u>Fjárhæð í kr.</u>
1998	3.440.872
1999	19.868.624
2000	33.167.604
2001	44.302.803
2002 (til nóv.)	51.088.307
<b>Samtals</b>	<b>151.868.210</b>

2. Ekki liggja fyrir hjá forsætisráðuneytinu nein gögn um heildarkostnað sveitarfélaga á landinu af þjóðlendumálum. Samkvæmt upplýsingum frá óbyggðanefnd hafa ekki borist kröfur vegna kostnaðar annarra sveitarfélaga en þeirra sem getið er í svari við 3. lið fyrirspurnarinnar (uppsveitir Árnessýslu). Hins vegar hefur óbyggðanefnd þegar tekið til meðferðar tvö önnur svæði og greitt beint nokkurn kostnað vegna þeirra. Það er annars vegar Austur-Skaftafellssýsla og hins vegar Vestur-Skaftafellssýsla og Rangárvallasýsla.

3. Í lögum um þjóðlendir og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta, nr. 58/1998, er í 17. gr. gert ráð fyrir að aðrir en ríkið fái greiddan nauðsynlegan málskostnað vegna mála sem rekin eru fyrir óbyggðanefnd, þ.m.t. sanngjarnt og eðlilegt endurgjald fyrir hagsmunagæslu. Í samræmi við það hefur óbyggðanefnd úrskurðað sveitarfélögum og afréttarmálafeðlagi sem aðild áttu að málum á svæði I, í uppsveitum Árnessýslu, málskostnað (þ.e. þóknun lögmanns og útlagðan kostnað), sem hér segir:

	<b>Póknun lögmanns</b>	<b>Útlagður kostnaður</b>	<b>Samtals úrskurðaður málskostnaður (án vsk.)</b>
Mál nr. 1/2000, Þingvallahreppur	350.000	88.535	438.535
Mál nr. 2/2000, Grímsnes- og Grafningshreppur	800.000	198.892	998.892
Mál nr. 3/2000, Laugardalshreppur	800.000	180.095	980.095
Mál nr. 4/2000, Biskupstungnahreppur	1.500.000	336.036	1.836.036
Mál nr. 5/2000, Hrunamannahreppur	1.500.000	328.095	1.828.095
Mál nr. 6/2000, Flóa- og Skeiðamannafréttur	600.000	66.355	666.355
Mál nr. 7/2000, Gnúpverjahreppur	1.500.000	353.037+28.000 <sup>1</sup>	1.881.037
<b>Samtals kr.</b>	<b>7.050.000</b>	<b>1.579.045</b>	<b>8.629.045</b>

<sup>1</sup> Endurgreitt eftir uppkvaðningu úrskurðar.

Samkvæmt upplýsingum ríkislögmanns hafa nokkur önnur sveitarfélög höfðað mál á hendur forsætisráðherra og fjármálaráðherra og krafist greiðslu vegna þjóðlendumála, umfram það sem óbyggðanefnd hefur í úrskurðum sínum talið nauðsynlegan kostnað, þar á meðal sanngjarnt og eðlilegt endurgjald fyrir hagsmunagæslu í viðkomandi málum. Kröfurnar eru sem hér segir:

	<b>Póknun lögmanns</b>	<b>Útlagður kostnaður</b>	<b>Samtals krafist greiðslu á (án vsk.)</b>
Bláskógabyggð v/Þingvallahrepps	126.000	0	126.000
Bláskógabyggð v/Laugardalshrepps	845.000	0	845.000
Bláskógabyggð v/Biskupstungnahrepps	2.343.000	110.857	2.453.857
Grímsnes- og Grafningshreppur	499.999	48.681	548.680
Hrunamannahreppur	2.119.000	21.103	2.140.103
Afréttarmálafélag Flóa- og Skeiðamanna	2.039.500	0	2.039.500
Gnúpverjahreppur	2.469.634	141.715–28.000 (greitt)	2.583.349
<b>Samtals kr.</b>	<b>10.442.133</b>	<b>294.356</b>	<b>10.736.489</b>

Dómstólar hafa ekki tekið afstöðu til réttmætis þessara viðbótarkrafna.

Ekki er vitað um kostnað einstakra sveitarfélaga umfram það sem að framan greinir, sbr. svar við 2. lið fyrirspurnarinnar.